

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
27 FEB. 2009 54.23	
Tilv.	_____

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps,
Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 24. febrúar 2009
Tilvísun: UST20081200039/ksj

Gámasvæði við Seyðishóla, deiliskipulagstillaga

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps er barst 5. desember 2008 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um deiliskipulagstillögu gámasvæðis við Seyðishóla í Grímsnesi. Um er að ræða 4 hektara spildu sem ráðgert er að verði skilgreind sem iðnaðarlóð. Aðkoma að lóðinni er frá Búrfellsvegi.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við deiliskipulagstillöguna.

Náttúruminjar

Svæðið sem deiliskipulagstillagan nær yfir er á náttúruminjaskrá, en í skránni segir: „**Kerhóll við Seyðishóla, Grímsneshreppi, Árnassýslu. Kerhóll ásamt spildu umhverfis, sem markast af vegum. Að suðvestan 400 m spilda út frá gígnum. Tilkomumikill gjallklepragígur, ein af tólf eldstöðvum er mynduðu Grímsneshraun.**“

Gámasvæði og iðnaðarlóð

Nú þegar er staðsett á deiliskipulagssvæðinu gámasvæði alls 8888 fermetrar og áætlað er að koma fyrir þar við hliðina á iðnaðarlóð með byggingarreit fyrir aðstöðuhús og vélageymslu. Innan byggingarreits lóðarinnar er gert ráð fyrir að leyfa allt að 400 fermetra byggingu með mænishæð allt að 6,0 metra frá jörðu.


Sjónræn áhrif


Umhverfisstofnun telur að umrætt svæði við Kerhól henti afar illa fyrir iðnaðarbyggingu og aukin umsvif. Neikvæð sjónræn áhrif af iðnaðarbyggingu á þessu svæði yrðu mikil að mati Umhverfisstofnunar. Sér í lagi séð frá frístundabyggð sem er á svæðinu auk þess sem svæðið er á náttúruminjaskrá og í námunda við tilkomumikinn gjallklepragíg. Umhverfisstofnun telur að skoða þurfi þann kost að finna iðnaðarlóð stað í eldri raskaðri námu á svæði norðvestur af ofangreindu deiliskipulagssvæði.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur ásættanlegt að gámasvæði verði áfram inni á svæði á náttúruminjasrá í núverandi mynd, enda eru þar hvorki há mannvirki né áberandi. Umhverfisstofnun telur hins vegar að iðnaðarbygging myndi fara afar illa á svæðinu vegna neikvæðra sjónrænna áhrifa. Umhverfisstofnun telur að iðnaðarbyggingu yrði betur fyrir komið á eldra námusvæði sem er staðsett innar við Búrfellsveg nr. 351. Þar er mikið raskað svæði eftir efnistöku, sem til stendur að ganga frá og þar væri hægt að koma iðnaðarbyggingu þannig fyrir að lítið bæri á henni.

Virðingarfyllst


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri

Skipulagsstofnun